

Fréttabréf

Hörgárbyggðar

4. tbl., 7. árg., 17. febrúar 2007 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

Deildarfundur

Vestur-Eyjafjarðardeildar KEA

verður haldinn miðvikudaginn 21. febrúar 2007

kl. 16:00 í Þelamerkurskóla

Á fundinum verða venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins um störf deilda félagsins.

Kosnir verða fulltrúar til aðalfundar KEA sem áformaður er 17. mars nk.

Deildarstjórn

ÞAKKIR

Húsnefnd félagsheimilanna í Hörgárbyggð þakkar kærlega öllum sem komu að gardínusaumi og þrífum á Hlíðarbæ eftir að smiðir luku þar störfum fyrir þorablótin

GJAFIR

Þorablótsnefndir tveggja síðustu þorablóta á Melum hafa ákveðið að leggja fram kr. 100.000 til stólakaupa á Melum.

Þorablótsnefnd síðasta þorablóts í Hlíðarbæ hefur einnig ákveðið að leggja fram 100.000 kr. til kaupa á búnaði fyrir Hlíðarbæ.

Spilakvöld

Umf. Smárans verða á Hlíðarbæ 3., 10. og 17. mars

Taktu kvöldin strax frá

Fjölbreyttir og góðir vinningar

Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.

Veffang: www.horgarbyggd.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar:

Fundur nr. 100 14. febrúar 2007

Mætt voru: Árni Arnsteinsson, Birna Jóhannesdóttir, Guðný Fjóla Árnarsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson og Jóhanna María Oddsdóttir, ásamt Guðmundi Sigvaldasyni sveitarstjóra.

1. Þriggja ára áætlun aðalsjóðs, eignasjóðs og fráveitu (2008-2010)

Lögð fram tillaga að lögbundinni þriggja ára áætlun A- og B-hluta (þ.e. aðalsjóðs, eignasjóðs og fráveitu) fyrir árin 2008-2010. Áætlunin gerir ráð fyrir að rekstrarafgangur ársins 2008 verði 13,1 millj. kr., ársins 2009 15,0 millj. kr. og ársins 2010 17,0 millj. kr., svo og að í lok ársins 2010 verði handbært fé samtals 36,8 millj. kr.

Áætlunin var rædd og samþykkt sveitarstjórn síðan tillöguna eins og hún var lögð fram.

2. Vélaver hf., samningur um lóð

Lögð fram drög að samningi við Vélaver hf. um lóð á verslunar- og þjónustusvæði við vegamót hringvegur og Blómsturvallavegar, sbr. 3. lið fundargerðar sveitarstjórnar 17. jan. 2007. Vélaver hf. hefur óformlega samþykkt samninginn. Skv. samningnum skal lóðin vera byggingarhæf í síðasta lagi 1. ágúst 2007 og þá verði gatnagerðargjald lóðarinnar að fullu greitt.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Sveitarstjórn samþykkir að framlagður samningur við Vélaver hf. verði undirritaður.

3. Landspilda úr landi Syðsta-Samtúns og Mið-Samtúns, breyting á svæðisskipulagi

Bréf, dags. 1. febr. 2007, frá Skipulagsstofnun sem er svar við fyrirspurn um málsmeðferð við gerð deiliskipulags á landspildunni í landi Syðsta-Samtúns og Mið-Samtúns. Í bréfinu segir m.a. að breyta þurfa Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 vegna breyttrar afmörkunar svæðisins. Sbr. fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar frá 8. febr. sl. hefur verið gerð tillaga að breytingunni. Nefndin vísaði frekari meðferð málsins til sveitarstjórnar.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 fyrir svæðið og felur sveitarstjóra að kynna hana fyrir öðrum sveitarstjórnnum sem aðild eiga að svæðisskipulaginu, auglýsa hana og senda síðan til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun og umhverfisráðuneytinu. Sveitarstjórnin lýsir því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

4. Landspilda úr landi Syðsta-Samtúns og Mið-Samtúns, götuheiti

Sveitarstjórn samþykkti að nýja gatan í væntanlegu iðnaðar- og verslunarhverfi fái nafnið Lækjarvellir.

5. Samstarfshópur um skipulagsmál, tilnefning

Bréf, dags. 31. jan. 2007, frá Akureyrarbæ um tilnefningu í samstarfshóp sveitarfélaganna um skipulagsmál á mörkum Akureyrarbæjar og Hörgárbyggðar. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að fulltrúar Hörgárbyggðar verði þau sem í nefndinni eru.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Sveitarstjórn samþykkti að fulltrúar Hörgárbyggðar í samstarfshóp sveitarfélaganna um skipulagsmál á mörkum Akureyrarbæjar og Hörgárbyggðar verði þau Oddur Gunnarsson, Aðalheiður Eiríksdóttir og Birna Jóhannesdóttir.

6. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar, 8. febr. 2007

Fundargerðin er í þremur liðum. Fyrstu tveir liðirnir voru afgreiddir í næstu dagskrárliðum hér á undan. Lögð fram hugmynd Yngva Þórs um deiliskipulag landspildunnar í landi Syðsta-Samtúns og Mið-Samtúns.

Sveitarstjórn lýst ágætlega á framkomna tillögu að svæðisskipulaginu og felur Ingva að halda áfram þeirri vinnu sem enn er ólókð til að klára málið. Fundargerðin að öðru leyti afgreidd án athugasemda.

7. Álfasteinn, samningur um breytingar á eldra húsnæði

Lagt fram lauslegt mat Jóns Inga Sveinssonar á kostnaði við að breyta eldra húsnæði leikskólans, sbr. 1. lið í fundargerð sveitarstjórnar 17. jan. 2007. Skv. matinu er kostnaður mun hærri en áður hefur verið gert ráð fyrir. Sveitarstjóra falið að hafa yfirumsjón með framkvæmdum á endurbótum á eldra húsnæði Álfasteins í samræmis við umræður á fundinum.

8. Álfasteinn, kaup á lausum búnaði

Lögð fram tillaga leikskólastjóra um kaup á lausum búnaði fyrir viðbyggingu leikskólans, sbr. 1. lið í fundargerð leikskólanefndar 7. febr. 2007. Samþykkt að veita kr. 1.400.000 í kaup á lausum búnaði skv. framlögðum lista. Leikskólastjóra falið að annast umrædd kaup í samráði við sveitarstjóra.

9. Fundargerð leikskólanefndar, 7. febr. 2007

Fundargerðin er í átta liðum. Fyrsti liður fundargerðar leikskólanefndar 7. febr. 2007 var afgreiddur í næsta dagskrárlið hér á undan. Aðrir liðir fundargerðarinnar voru ræddir og fundargerðin síðan afgreidd.

10. Reglur um félagslega heimaþjónustu

Lögð fram drög að reglum um félagslega heimaþjónustu, sbr. 16. lið í fundargerð sveitarstjórnar 17. jan. 2007, en félags og jafnréttisnefnd hefur fyrir sitt leyti samþykkt drögin. Sveitarstjórn samþykkir reglur um félagslega heimaþjónustu eins og þær eru lagðar fram.

11. Þór hf., lóðarmál

Lagt fram minnisblað um lóðamál Þórs hf. við Lónsbakka.

Ákveðið að leita til Ólafs Rúnars Ólafssonar til að skoða lagalegu hliðar málsins og leggja fyrir næsta fund.

12. Fundargerð stjórnar Íþróttamiðstöðvarinnar, 18. jan. 2007

Fundargerðin er í þremur liðum. Lagt fram bréf, dags. 28. jan. 2007, frá Arnarneshreppi, þar sem greint er frá afgreiðslu á fundargerðinni. Sveitarstjórn samþykkti að ráðin verði inn, yfir vetrarmánuðina, auka starfsmaður frá kl. 12 á laugardögum og sunnudögum, þannig að á þeim tíma verði alltaf tveir starfsmenn. Frekari mönnun á virkum kvöldum verði skoðuð sem fyrst. Fundargerðin rædd og síðan afgreidd án athugasemda.

13. Minnispunktar samráðsfundar, 31. jan. 2007

Lagðir fram minnispunktar frá samráðsfundinum. Lagt fram til kynningar

14. Fundargerðir Gásanefndar, 23. jan. og 7. febr. 2007

Hvor fundargerð er í fjórum liðum. Meðfylgjandi er með fjárhagsáætlun Gásaverkefnisins fyrir árið 2007 eins og hún var afgreidd á fundinum. Fundargerðirnar ræddar og afgreiddar án athugasemda. Fjárhagsáætlunin rædd og síðan samþykkt án athugasemda.

15. Umsókn um tímabundna leikskóladvöl utan sveitarfélagsins

Lögð fram umsókn, ódags., frá Kristbjörgu Kolbeinsdóttur um tímabundna leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags. Erindið var samþykkt.

--- framhald á næstu síðu

Úr fundargerð sveitarstjórnar 14. febr. 2007, framhald

- 16. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, fjárhagsleg aðstoð vegna sameiningar**
Bréf, dags. 18. jan. 2007, frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þar sem tilkynnt er um að lokið sé fjárhagslegri aðstoð sjóðsins í kjölfar sameiningar Glæsibæjarhrepps, Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps. Heildarúthlutun vegna sameiningarinnar er samtals kr. 25.871.000 miðað við verðlag hvers árs. Þar af er sérstakt framlag v/nýbyggingar leikskólans á Álfasteini kr. 12.494.000.
- 17. Tónlistarskóli Eyjafjarðar, sparnaður í rekstri**
Bréf, dags. 24. janúar 2007, frá Tónlistarskóla Eyjafjarðar um leiðir til sparnaðar í rekstri skólans, sbr. 4. lið í fundargerð sveitarstjórnar 21. júní 2006. Málin rædd.
- 18. Tækifæri hf., forkaupsréttur að hlutafé**
Bréf, dags. 31. janúar 2007, frá Tækifæri hf. þar sem boðinn er forkaupsréttur að hlutafé í félaginu. Sveitarstjórn samþykkti að nota ekki forkaupsrétt sinn að þessu sinni.
- 19. Landsamtök landeigenda**
Sveitarstjórn staðfesti aðild Hörgárbyggðar að Landssamtökunum.
- 20. Vaxtarsamningur Eyjafjarðar, kynning**
Bréf, dags. 22. jan. 2007, frá starfsmönnum Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, þar sem boðið er upp á kynningu á starfi Vaxtarsamnings Eyjafjarðar. Lagt fram til kynningar.
- 21. Samband ísl. sveitarfélaga, námsferðir**
Bréf, dags. 2. febr. 2007, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um námsferðir á vegum sambandsins á yfirstandandi ári. Lagt fram til kynningar
- 22. Ríkiskaup, aðild að rammasamningum**
Bréf, dags. 23. jan. 2007, frá Ríkiskaupum þar sem kynnt eru fyrirhuguð rammasamningsútboð á árinu 2007. Lagt fram til kynningar.
- 23. Norræn skólamálaráðstefna**
Bréf, dags. 15. jan. 2007, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um norræna skólamálaráðstefnu sem haldin verður í Reykjavík 10.-11. maí nk. Lagt fram til kynningar.
- 24. Fundargerð skólanefndar Þelamerkurskóla, 31. okt. 2006**
Fundargerðin er í sjö liðum. Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum til skólanefndar að skila frá sér fundargerðum innan tveggja daga frá fundi. Fundargerðin rædd og afgreidd án athugasemda.
- 25. Fundargerð stjórnar Eyþings, 5. jan. 2007**
Fundargerðin er í sex liðum. Hún er lögð fram til kynningar.
- 26. Fundargerð héraðsráðs, 17. jan. 2007**
Fundargerðin er í fimm liðum. Lögð fram til kynningar
- 27. Fundargerð stjórnar Sorpeyðingar Eyjafjarðar bs., 17. jan. 2007**
Fundargerðin er í fjórum liðum. Lögð fram til kynningar.
- 28. Fundargerð heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, 7. febr. 2007**
Fundargerðin er í fjórtán liðum, enginn þeirra varðar Hörgárbyggð. Hún var því lögð fram til kynningar.

**Næsti fundur sveitarstjórnar verður 21. mars 2007
í Þelamerkurskóla**

Dagskrá fundarins mun birtast á heimasíðu sveitarfélagsins síðdegis 19. mars og liggja frammi á skrifstofunni frá sama tíma